




Horft yfir í vestur



Aðkoma frá Vesturbraut horft í norður



Aðkoma frá Vesturbraut horft í suður



Frá Gunnarsbraut

**Vesturvegur 15**
**Byggingarlýsing**

| | |
|---|---|
| Staðgreinir: | 3811-4-92400150 |
| Landnúmer: | L137626 |
| Lóðarstærð: | 3000.0 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,11 |
| Fjöldi bílastæða: | 6 |

**Verkefnið**
Olíuverzlun Íslands sækir um að koma fyrir á lóðinni Vesturvegur 15 sjálfsafgreiðslustöð ÓB með eldsneytisdælum og steyptu plani með tilheyrandi búnaði s.s. olíuskilju og loftunarröri. Eldsneytistankar eru í 40 feta gámi ofanjarðar umhverfis gáminn 2m. hátt timburgerði. Við eldsneytistanka er steypt áfylliplan. Lögð er áhersla á vandaða útfærslu sem fellur eins vel inn í umhverfið og kostur er.

**Stærðir:**
20.000 l. tankur fyrir bensín
20.000 l. tankur fyrir dísel
6.000 l. tankur fyrir litaðan dísel
4.000 l. tankur fyrir ad-blue
Steypt dæluplan / áfyllingarplan 77m²

Dælurnar eru útbúnar VAPOUR kerfi sem sýgur upp bensíngufur á meðan dælt er. Árekstravarnir eru úr stáli sem eru boltaðar niður í dæluplan. Á dælueyju er komið fyrir handslökkvitæki og sorpíláti úr ryðfríu stáli.

Eldsneytisgeymar eru smíðaðir skv. viðurkenndum stöðlum, EN 12285. Geymarnir eru tvöfaldir stálgeymar, tæringarvarðir með polyurethan húð. Milli laga er vakúm. Eimur bensíngufa er tekinn í olíuáfyllingabíl.

**Lagnir og mengunarvarnir**
Frárennsli frá dælu- og áfyllingarplani er leitt í sand og olíuskilju úr HDPE plasti gerð NS = 2,5 fl.1, vörunúmer 44749U frá Borgarplasti. Vökvarúmmál = 3850L, olíurúmmál = 4200L, sandrými = 1330L. Tengistútar ø160. Útloftun er frá olíuskilju.

Vatn frá olíuskilju fer í holræsakerfi. Olíuinnihald vökvafasans sem kemur frá olíuskilju á ekki að vera meiri en 5 mg/l. Skiljur og geymar eru búnir viðvörunarbúnaði sem segir til um hvenær tæmingar sé þörf. Olíuskiljur eru hannaðar samkvæmt EN 858-1:2002 og EN 858-2:2003 að auki er stuðst við "Leiðbeiningar um olíuskiljur, 3ja útgáfa" útgefið af umhverfissofnun 2005.


ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Gunnar Örn Sigurðsson
kt: 130666-3379
gunnar@ask..is


| | |
|---|---|
| VERKEFNI | VESTURBRAUT 15 BÚÐARDAL |
| TEGUND TEIKNINGAR | AÐALTEIKNING |
| HEITI TEIKNINGAR | |
| MKV. Í A3 | 1:500 |
| HANNAÐ | LGS |
| TEIKNAÐ | GÖS |
| YFIRF. | GÖS |
| DAGS. | 01.06.2021 |
| VERK NR. | 2108 |
| AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR | 10-01 |
| ÚTGÁFA | |

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.